



Hörgársveit

Fréttabréf

12. júlí 2013 4. árgangur 15. tölublað

Fjallskil 2013

Fjallskilanevnd Hörgársveitar hefur ákveðið að fyrstu göngur í Hörgársveit verði frá föstudeginum 6. september til sunnudagsins 15. september og seinni göngur viku síðar.

Vegna óvenjulegs tíðarfars gæti þurft að hnika þessum dagsetningum til ef heyskapur dregst mikið fram í september.

Álagning gangnadagsverka og annað skipulag fjallskila verður með svipuðum hætti og 2012. Fjallskil verða eingöngu lögð á sauðfé, en ekki á annan búpening eða land.

Þeir sem hafa allt sitt fé í sauðheldum girðingum allt sumarið geta sótt um að vera undanþegnir fjallskilum í haust til fjallskilanevndar fyrir 1. ágúst 2013.

Sumarlokun á skrifstofu

Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð vegna sumarleyfa 33. viku ársins, frá og með föstudeginum 12. júlí og opnar aftur mánudaginn 19. júlí.

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is

Hörgársveit

Sæludagur í Hörgársveit

verður að vanda á laugardegi um Verslunarmannahelgina, þann 3. ágúst. Dagskráin er að taka á sig mynd og stefnir í fjölbreytilegan og spennandi Sæludag.

Þeir sem hvara hug á því að vera með en hafa ekki enn skráð sig til leiks eru beðnir að gera það hið snarasta með því að senda tölvupóst til Skúla í netfangið skuli@horgarsveit.is.

☞ Margt smátt gerir eitt stórt ☜

Gulu Sæludagsskiltin vísa heim að þeim bæjum þar sem eitthvað er að gerast.



Miðaldadagur á Gásum

verða haldnir 19.-21. júlí, frá föstudegi til sunnudags.
Opið 11-18 alla dagana.

Þetta er í 10. sinn sem viðburðurinn er haldinn svo það verður hátíðablær yfir svæðinu. Miðaldahljómtvíeykið Funi verður á Miðaldadögum, en þar fara þau Bára Grímsdóttir og Chris Foster höndum um tónlist fyrri alda. Hjalti Hafþórsson kemur frá Reykhólum með Vatnsfjarðarskipið sem hann smíðaði eftir skipi sem var grafið upp úr kumli í Vatnsfirði árið 1964. Í því hvíldu fimm manneskjur og hundur. Allir áhugamenn um bátasmíðar ættu að skoða bátinn og spjalla við Hjalta, því hann er hafsjór af fróðleik um þessi mál.

Jiri Vnoucek kemur frá Tékklandi og vinnur bókkell úr kálfsskinnum til þess að tryggja að hægt sé að rita Íslendingasögurnar, Sturlungu og síðast en ekki síst Biskupasögur.

Fjölbreytt skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Aðgangseyrir: 1.500 kr. fyrir fullorðna, 1.000 kr fyrir börn en ókeypis fyrir þau börn sem eru minni en miðaldasverðið sem er í miðasölunni við innganginn.